

Fyrirspurn

til matvælaráðherra um styrki til félagasamtaka.

Frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur.

- Hversu háa fjárhæð greiddi ráðuneytið og hver undirstofnun þess frjálsum félagasamtökum árin 2020–2023? Svar óskast sundurliðað eftir félagasamtökum og því hvort fjárhæðin var styrkveiting, kaup á þjónustu, félagsgjöld eða annað og með skýringum um hvað felst í liðnum annað auk upplýsinga um hversu hátt hlutfall hver liður er af heildargreiðslu til félagasamtakanna.
- Eru í gildi hjá ráðuneytinu reglur um úthlutanir styrkja til félagasamtaka?
- Fer fram mat á árangri af styrkveitingunum?

Skriflegt svar óskast.